

LÖG**um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum er hann metur gildar, að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 1,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG**um breyting á lögum nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra“ í 3. mgr. 19. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra“ í 4. mgr. 21. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

- a) Í stað orðanna „getur aðili borið undir ráðherra þann sem fer með vörumerkjamál“ í 44. gr. laganna komi orðin: getur tilkynnandi borið undir áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.
- b) Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 44. gr. laganna komi orðin: áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.
- c) Í stað orðanna „eða ráðherra tók ákvörðun sína“ í niðurlagi 44. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum tók ákvörðun sína.

4. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum, samkvæmt 19. og 21. gr., sbr. 1. mgr. 44. gr. laga þessara. Iðnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur. Aðra nefndarmenn skipar iðnaðarráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum. Áfrýjunarnefndin ákveður málsmeðferðarreglur í hverju einstöku máli með hliðsjón af meginreglum einkamálaréttarfarsins. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Aðilar máls skulu greiða gjald vegna áfrýjunar sem ákvarðast í reglugerð um gjald fyrir vörumerki o. fl.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan
opinberra framkvæmda.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.